

# Samningur

## mennta- og menningarmálaráðuneytis

### við Reykjanesbæ

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Reykjanesbær, kt. 470794-2169, í samningi þessum nefndur RNB, gera með sér svofelldan samning.

#### 1. Markmið og verkefni

1.1. Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að styðja tímabundið við náms- og ráðgjafaúrræði á Suðurnesjum vegna vaxandi atvinnuleysis á svæðinu. Markmið aðgerðanna eru að:

- tryggja aðgengi að námi á öllum skólastigum og auðvelda íbúum þannig að byggja upp hæfni til framtíðar.
- tryggja þátttöku barna og ungmenna í frístunda-, tómsunda- og íþróttastarfi yfir sumartímann.
- leggja sérstaka áherslu á hæfnipróun og íslenskunám útlendinga, sem eru skv. greiningu Vinnumálastofnunar, stór hluti atvinnuleitenda á svæðinu.

1.2. Verkefnið byggja á niðurstöðum aðgerðahóps sem stofnaður var í kjölfar fundar mennta- og menningarmálaráðherra með íbúum Suðurnesja í Reykjanesbæ 2. apríl 2019.

1.2.1. Reykjanesbær tekur að sér að skipuleggja umhverfisverkefni fyrir ungt fólk á aldrinum 17-25 ára þar sem reynir á skapandi hugsun, framtak og hugmyndaauðgi þátttakenda.

- Verkefnið hefst 8. júní og lýkur 31. júlí.
- Miðað er við að lágmarksfjöldi þátttakenda sé 10.

#### 2. Forsendur samnings og lagaheimildir

2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015.

2.2. Heildarframlag ráðuneytisins til samnings þessa er kr. 3.854.000,-.

2.3. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna verkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.

2.4. RNB starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni.

#### 3. Ábyrgð

3.1. RNB ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. RNB skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.

3.2. RNB ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.

3.3. RNB er óheimilt að:

3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.

3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

#### 4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir framlag í tveimur hlutum, 70% er greitt við undirritun samningsins og 30% þegar staðfesting liggur fyrir á að verkefnið hafði staðist skilyrði styrkveitingar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka RNB nr. 0121-26-000001.
- 4.2. Eigi RNB í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda þess, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

#### 5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Við lok verkefnisins skilar RNB ráðuneytinu samantekt á verkefninu sem felur m.a. í sér lýsingu á hvernig markmiðum verkefnisins var náð, ásamt tölum um fjölda þátttakenda og kennitölum þeirra, heildarkostnaði, mati framkvæmdaraðila á árangri og hvert yfirfærslugildi verkefnisins geti verið.
- 5.3. RNB skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.4. RNB veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálf eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

#### 6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. RNB tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef talinn er vafi leika á að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt er greint frá úrræðum sem það hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli RNB ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

#### 7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. júní 2020 til 31. ágúst 2020.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.4. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík 8. maí 2020

F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis

F. h. Reykjanesbæjar